

Atvinnuveganefnd Alþingis  
nefndarsvid@althingi.is

MPÁ/SRSS

Reykjavík, 15.12.2023

**Efni: Umsögn RARIK um frumvarp til breytinga á raforkulögum og breytingartillaga, 541. mál.**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 (forgangsorka) og nefndarálits með breytingartillögu dags. 14. desember sl. RARIK áskilur sér rétt til að koma athugasemdum á framfæri á þessum tímapunkti þar sem fyrirtækinu barst ekki umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd.

Rarik ohf. er dreifiveita sem sinnir dreifingu raforku á landsbyggðinni og gegnir því hlutverki að gæta þess að viðskiptavinir á dreifiveitusvæði fyrirtækisins hafi tryggt aðgengi að raforku, auk hitaveitu á afmörkuðum svæðum. Frumvarpið varðar því mikilvæga hagsmuni viðskiptavina RARIK og hefði því að mati félagsins verið eðlilegt að óska sérstaklega eftir umsögn Rarik ohf.

RARIK leggur til að við 1.mgr. 1.gr. eftir breytingartillögu hljóði þannig (viðbót feitletruð):

*Til að tryggja raforkuöryggi til heimila og fyrirtækja, annarra en stórnotenda og þeirra sem hafa samið sérstaklega um skerðanlega notkun, ber vinnslufyrirtæki að tryggja forgangsraforku til þeirra auk flutnings- og dreifitapa í hlutfalli af framleiðslu sinni næstliðið ár af heildarframleiðslu. Magn forgangsraforku og flutnings- og dreifitapa skal leiðrétta árlega miðað við þróun raforkunotkunar heimila og fyrirtækja samkvæmt spá flutningsfyrirtækisins. Vinnslufyrirtækjum er þó heimilt að ráðstafa magni forgangsraforku samkvæmt ákvæði þessu sem er umfram framangreinda eftirspurn með öðrum hætti.*

Einnig að við lok 2. efnismgr. 1. gr. eftir breytingartillögu hljóði eftirfarandi:

*Ráðherra er heimilt að fenginni tillögu Orkustofnunar og Landsnets að leggja fyrir seijendur forgangsraforku í heildsölu að veita forgang að kaupum á raforku til sölufyrirtækja sem eingöngu seiða til notenda, annarra en stórnotenda, og kaupum á **flutnings- og dreifitöpum**.*

**Rökstuðningur:**


Dreifiveitum er skylt að afla raforku til að mæta dreifitöpum í dreifikerfi raforku, með sama hætti og flutningsfyrirtæki er skylt að afla raforku vegna flutningstapa. Verð dreifitapa endurspeglast í taxa veitunnar fyrir dreifingu og flutning og hefur því bein áhrif á raforkuverð. Vísar RARIK til umfjöllunar um 2.mgr. 1.gr. í greinargerð með frumvarpsinu þar sem rökstudd er hvers vegna tryggja þurfi forgang raforku fyrir flutningstöp en bendir á að sömu rök eigi ekki síður við um dreifitöp sem dreifiveitum er skylt að afla.

Þrátt fyrir að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu sé ætlað að afmarka skýrar þá notendur sem njóta eiga framboðsöryggis telur RARIK frumvarpið enn ekki nógu skýrt hvað þetta varðar. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til ákvæða í tilskipun 2009/72/EB en **ekki** tekið fram hvort þá sé verið að vísa til 3.tölul. 3.gr. í tilskipunarinnar sem er eftirfarandi:

3. Aðildarríkin skulu tryggja að á yfirráðasvæði þeirra eigi allir viðskiptavinir sem kaupa til heimilisnota og, eftir því sem aðildarríkin telja rétt, lítil fyrirtæki (nánar tiltekið fyrirtæki með færri en 50 starfandi einstaklinga og ársveltu eða efnahagsreikning sem er ekki meiri en 10 milljónir evra), rétt á alþjónustu, þ.e. að fá afhenta raforku af tilteknum gæðum á sanngjörnu verði sem er auðveldlega og greinilega samanburðarhæft, gagnsætt og án mismununar. Til að tryggja að alþjónusta sé veitt er aðildarríkjum heimilt að tilnefna skyldubirgi. Aðildarríkin skulu leggja þá skyldu á dreifingarfyrirtæki að tengja viðskiptavini við net þeirra með skilmálum, skilyrðum og samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 37. gr. Ekkert í þessari tilskipun skal koma í veg fyrir að aðildarríkin styrki markaðsstöðu neytenda, sem kaupa til einkanota, og lítilla og meðalstórra neytenda með því að stuðla að möguleikanum á valfrjálstri sameiningu um fyrirvar fyrir þennan flokk neytenda.

Frumvarpinu er orðrétt ætlað „að tryggja raforkuöryggi til heimila og fyrirtækja *annarra en stórnotanda*.“ Í þessu samhengi er einnig óskýrt hvað átt sé við með *stórnotanda*. Stórnotandi er skilgreindur<sup>1</sup> sérstaklega í raforkulögum út frá því hverjum er heimilt að tengjast *flutningskerfinu beint* og geti þess vegna notið töluvert hagstæðari kjara<sup>2</sup> í flutningsgjaldskrá. Það er ekkert í raforkulögum sem bindur sölufyrirtæki (heilidsölu og smásölu) við þessa skilgreiningu þegar gerðir eru samningar við „stærri“ notendur, hvor sem það eru tvíhliðasamningar á milli framleiðanda og notanda eða langtíma samningar á smásölumarkaði. Eins og frumvarpið er orðað er að mati RARIK enn þá ekkert því til fyrirstöðu að stærri aðilar (sem þyrfti að skilgreina) geti keypt upp allan markaðinn.

Virðingarfyllst,



Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri

<sup>1</sup> „Notandi sem notar innan þriggja ára á einum stað a.m.k. 80 GWst á ári“.

<sup>2</sup> Það er margt gallað við þessa skilgreiningu stórnotenda í raforkulögum sem skilgreindir eru m.t.t sérleyfis þ.e. flutnings og dreifingar á raforku. Í fyrsta lagi ætti hér að skilgreina bæði afl og nýtingartíma en ekki einungis orku og í öðru lagi eru 80 GWst allt of lág tala m.v. hversu mikla orku stóriðja eða stórnotandi notar í nágrannalöndum okkar sem dæmi. Einnig gera raforkulög ráð fyrir því að „stórnotendur“ geti tengst flutningsfyrirtækinu á lægri spennu en starfsemi þess almennt lítur að, sem leiðir til þess að tveimur fyrirtækjum heimilt að afhenda orku á sömu spennu á sama svæði. Þ.e. bæði flutningsfyrirtæki og dreifiveitum sem er **fullkomlega óeðlilegt** og ekki á anda þess umhverfis sem raforkulögum er ætlað að skapa.